

1947 nr. 15 12. mars**Forsetabréf um heimild íslenskra ríkisborgara til að bera erlend heiðursmerki**

Tók gildi 1. júlí 1947.

■ 1. gr. Íslenskir ríkisborgarar, sem hér eftir kunna að verða

sæmdir erlendum heiðursmerkjum, skulu áður en eða jafnframt því að þeim berst heiðursmerkið í hendur, leita leyfis forseta Íslands til að veita því viðtöku og bera það.

■ 2. gr. Umsóknir um slík leyfi skulu stílaðar til forsetans og sendar forsetaritari, sem annast fyrirgreiðslu þeirra.